

## Reglur um hvatapeninga árið 2021

**Hvatapeningar ársins 2021 eru 25.000 krónur á barn.** Öll börn á aldrinum **0-18** ára, með lögheimili í Akrahreppi, fá hvatapeninga, þ.e. börn fædd eftir 2002. Hvatapeningana er hægt að nýta til að greiða niður gjöld í skipulögðu íþrótt-, lista- og æskulýðsstarfi sem stundað er reglulega. Hvatapeninga ársins 2021 er hægt að nýta vegna reikninga sem gefnir eru út á árinu 2021. Réttur til hvatapeninga fyrir árið 2021 fellur niður í árslok. Ónýttir hvatapeningar fynast í lok árs.

### Reglur um notkun hvatapeninga:

1. Skilyrði þess að hægt sé að nýta Hvatapeningana er að um skipulagt íþrótt-, lista- eða æskulýðsstarf sé að ræða og sé stundað undir leiðsögn þjálfara, leiðbeinenda eða kennara. Þetta á við um allt skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, tónlistarskóla, skáta og annað skipulagt tómsunda- og íþróttastarf sem stendur yfir í 10 vikur eða lengur.

2. Hvatapeninga er ekki hægt að nýta til kaupa á æfingakorti í líkamsræktarstöð en skipulögð unglinganámskeið innan líkamsræktarstöðva falla undir styrkinn. Undantekning frá þessu eru ungmenni í þremur elstu árgöngunum, þ.e. þau sem eru fædd 2003, 2004 og 2005 en þau geta nýtt hvatapeninga til kaupa á æfingakortum.

Úthlutun hvatapeninga fer fram í gegnum skráningarkerfið Nóra vegna starfs hjá þeim félögum sem tengd eru við skráningarkerfi Nóra. Þegar hvatapeningar eru nýttir í gegnum skráningarkerfi Nóra þarf að haka í kassann "Nota Frístundastyrk Skagafjarðar" og þá lækkar upphæð æfingagjalda um þá upphæð sem nemur inneign hvatapeninga fyrir barnið. Athugið að ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra styrk frá félögum þegar foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað styrknum til félags.

Ef félög eru ekki tengd við skráningarkerfið Nóra, eða ef börn eru yngri en 5 ára, þarf að koma reikningi til oddvita Akrahrepps með upplýsingum um upphæð hvatapeninga sem á að nýta sem og upplýsingum um hvert á að endurgreiða. Athugið að ekki er hægt að koma með reikninga til endurgreiðslu hvatapeninga vegna félaga sem tengd eru Nóra.

Samþykkt á fundi hreppsnefndar Akrahrepps þann 4. febrúar 2021.